

Meðal gagna málsins er listi með 10 málum sem kærða á aðild að, öll frá þessu ári. Er hér um að ræða þjófnaðar-, skjalafals- og fjársvikabrot. Flest málanna eru á lokastigi rannsóknar hjá RLR.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt í þágu frekari rannsóknar að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærðu. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00. Brot þau sem kærða er sökuð um, geta varðað hana fangelsisrefsingu skv. 248. gr. laga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærða, Sigurlín Lára Þorsteinsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Þriðjudaginn 20. september 1988.

Nr. 196/1988. Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

gegn

Benedikt Sigurðssyni

Guðmundi Páli Kristjánssyni og

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið frávísunardómi bæjarfógetans á Ísafirði frá 7. júní 1988 til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1988, sem barst Hæstarétti 30. s.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Grundvöllur máls þessa er lagður með ítarlegri matsgerð. Matsmenn hafa komið fyrir dóm svo og fyrirvarsmenn aðila. Yfirlýsingar og gögn varðandi ábyrgð á verkinu og skil milli verkþátta hvers verktaka mega verða skýrari. Málið er þó ekki svo vanreifað að ekki verði úr bætt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Rétt er því að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 7. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 1. - 2. júní 1988, höfðaði stefnandi, Íshúsfélag Ísfirðinga hf., nnr. 4825-8166, Eyrargötu 2 - 4 á Ísafirði, gegn Benedikt Sigurðssyni, nnr. 0997-4873, Urðarvegi 54 á Ísafirði, Guðmundi Páli Kristjánssyni, nnr. 3088-4493, Miðtúni 45, Ísafirði, og Ólafi Bjarnasyni, stjórnarformanni, f.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., nnr. 9165-7619, Ármúla 4, Reykjavík, með stefnum birtum 27. apríl 1987 fyrir stefndu Benedikt og Guðmundi en 4. maí 1987 vegna stefndu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., sem féll frá stefnufresti.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða in solidum kr. 1.201.200,- með 22% ársvöxtum frá 30. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en síðan með hæstu dráttarvöxtum, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni, til greiðsludags. Þá er og þess krafist, að í dómsorði verði kveðið á um það, að áfallnir vextir skuli bættast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. janúar 1987, þar til greitt verður, og vextir reiknaðir á þannig uppfærðan höfuðstól með sama vaxtafæti og að framan greinir. Þá er og krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk alls útlagðs kostnaðar, þ. á m. matskostnaðar.

Dómkröfur stefndu Benedikts Sigurðssonar og Guðmundar Páls Kristjánssonar eru þær *aðallega*, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og hann verði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning. *Til vara* er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Dómkröfur stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. eru þær *aðallega*, að hann verði að fullu sýknaður af kröfum stefnanda, en *til vara*, að þær verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og/eða eftir framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Tildrög mála eru þau, að vorið 1979 tók stefndi Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. að sér hönnun burðarvirkja og lagnakerfa í nýbyggingu við frystihús á Ísafirði, er stefnandi hugðist láta reisa. Stefndi leitaði til stefndu Benedikts Sigurðssonar og Guðmundar Páls Kristjánssonar, sem þá ráku sameignarfélagið Benedikt og Páll sf., og tóku þeir að sér að sjá um smíðavinnu, m.a. við þann frystiklefa, sem mál þetta er sprottið af. Framkvæmdir við bygginguna hófust í byrjun sumars og var húsið steypt upp um sumarið, þak sett á um haustið og húsinu lokað fyrir áramót. Í byrjun árs 1980 var hafist handa við vinnu innanhúss, einangrun, múrhúðun og annan frágang. Í febrúar og mars var gengið frá gólfi í frystiklefa og plötu yfir spennistöð. Varðandi þann verkþátt, er mál þetta snýst um, er svo að sjá, að stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmundur Páll Kristjánsson hafi sett upp masonit í loft frystiklefans og síðan rakavörn neðan á það um sumarið og síðan horfið frá verki um stundarsakir. Þá komu til aðrir aðilar, Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson, sem stefnandi réð fyrir milligöngu stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., og gengu frá rakavarnarlagi og einangrun á veggjum frystiklefans. Því næst komu múrarameistarar, Guðmundur Helgason og Elías Skaftason, sem stefnandi réð sjálfur, og múruðu veggji klefans. Að svo búnu komu stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmundur Páll Kristjánsson aftur til skjalanna haustið 1980 og gengu frá einangrun og klæðingu loftsins. Verkskil af hálfu þeirra varðandi þetta verk voru í desember 1980, og var sameignarfélagi þeirra slitið 31. desember 1980 samkvæmt auglýsingu í 51. tbl. Lögbirtingablaðsins 1981. Frystiklefinn var tekinn í notkun á miðju sumri 1981. Starfsmenn stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. komu nokkrum sinnum á byggingarstað, á meðan á framkvæmdum stóð, eins og nánar verður rakið, en þessi stefndi andmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi haft með höndum heildareftirlit verksins.

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi sjálfur séð um stjórn verksins, efniskaup, efnisval, skipulagningu þess, verkhraða og alla samræmingu milli einstakra verkþátta. Svo er að sjá, sem stefnandi telji, að enginn sérstakur aðili hafi átt að sjá um stjórn verksins, hvorki hann sjálfur né aðrir, heldur hafi einstakir verktakar átt að hafa samráð sín á milli um einstaka þætti verksins og samræmingu þeirra.

Hinn 12. september 1985 var frost tekið af frystiklefanum vegna fyrirhugaðrar lagfæringar á afrennsli fyrir vatn. Klefinn var látinn standa opinn og hitaður upp til að flýta fyrir því, að hann þiðnaði. Þann 15. september kom Halldór Friðbjarnarson verkstjóri í húsið og sá, að einangrun í lofti var fallin niður. Var þá haft samband við þá Árna Traustason og Ólaf Erlingsson, starfsmenn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Ólafur kom á staðinn og var einangrunin og annað henni viðvikjandi skoðað og kom þá í ljós, að einangrunin var öll blaut og frosin upp í efsta lag.

Með bréfi dags. 2. október 1985 til bæjarfógetans á Ísafirði var beðið um, að dómkvaddir yrðu menn til að skoða og meta til verðs þær skemmdir, sem þarna urðu, þ.m.t. að upplýsa, hvað hafi valdið þeim, hvort það hafi verið hin verkfræðilega hönnun eða framkvæmd og gerð verksins eða eitthvað annað. Bæjarfógetinn á Ísafirði framsendi þessa beiðni til yfirborgardómarans í Reykjavík sama dag. Hinn 7. október voru dómkvaddir í bæjarþingi Reykjavíkur þeir Bárður Danielsson, arkitekti og verkfræðingur, og Páll Lúðvíksson vélaverkfræðingur. Sá siðarnefndi færðist undan þessum starfa vegna anna, og var þá í hans stað dómkvaddur hinn 28. október Gunnar H. Bjarnason vélaverkfræðingur. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna á dómskjali nr. 4, sem dagsett er 30. janúar 1986, segir m.a. svo: „Matsfundur var haldinn í frystihúsinu þriðjudaginn 29. okt. Mættir voru, auk matsmanna, Jóhannes G. Jónsson og Halldór Friðbjarnarson, f.h. Íshússfélags Ísfirðinga h/f, Benedikt Sigurðsson, f.h. Benedikts og Páls sf., og Ásgeir Sigurðsson, f.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Ísafirði. Áður hafði verið haft samband við Ólaf Erlendsson í höfuðstöðvum V.S.T. í Reykjavík. Dómskvaðning og matsbeiðni voru lesnar upp. Engar athugasemdir komu fram vegna tilnefningar matsmanna né boðunar fundarins. Benedikt Sigurðsson tók fram að fyrirtækið Benedikt og Páll sf. hafi einungis annast uppsetningu á einangrun og það sem henni fylgdi í loft klefans. Aðrir verktakar hafi séð um einangrun og rakavarnarlag á veggjum. Upplýst var að klefinn hafi verið í notkun síðan á miðju sumri árið 1981, eða í rúmlega 4 ár. Lagðir voru fram uppdrættir nr. 1.01 og 1.12 frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dagsettir í nóvember og desember 1979. Þeir sýna burðarvirki í þaki og gerð og frágang rakavarnarlags í þaki og á veggjum, ásamt einangrun. Við skoðun kom í ljós að einangrun í lofti (2 x 150 mm glerullarmottur) hafi ekki einungis frosið

meðfram veggjum. Hún var öll rennandi blaut eins langt inn á loftið og komist varð að til að skoða. Töldu matsmenn einsýnt að sama gildi um aðra hluta hennar. Burðarvirki í þaki klefans eru límtrésbitar og þvert á þá ásar 50 x 150 mm með 600 mm bili. Á ásana er klætt með 25 mm þykkri borðklæðningu og er bil á milli borða 35 mm. Ofan á borðunum er 3.2 mm þykkt olíusoðið masonite og þar á ofan 2 lög af undirlagspappa og eitt af yfirlagspappa. Pappalögin eru límd saman og á masonitið með heitu asfalti. Loftrýmið á milli ásanna er útloftað með „Villadsen“ útloftunartúðum. Frágangur ytra þaks er traustur og vandaður og nánast útilokað að það geti lekið svo nokkru nemi. Orsakanna fyrir vatnssöfnun í einangrun þaksins er því annrs staðar að leita. Við skoðun, 29. október, var frágangur rakavarnarlags í þaki klefans skoðaður og einnig tenging þess við rakavarnarlag á veggjum.

Hinn 14. jánúar 1986 var aftur farið á vettvang og leitað svara við ýmsum spurningum sem vaknað höfðu við úrvinnslu vegna fyrri skoðunar. Samkvæmt uppdrætti 1.12 skyldi frágangur einangrunar í þaki vera í aðalatriðum sem hér segir:

A. Á milli límtrésbita.

Neðst álplötur, þá vindpappi, þar á ofan 2 x 150 mm glerullarmottur, síðan tvöfaldur 0,2 mm plastdúkur og yfir honum 3,2 mm masonit, neglt á þakása. Á milli límtrésbita eru „burðargrindur“ úr timbri með 1200 mm bili til að bera uppi rakavarnarlag, glerull, vindpappa og álplötur.

B. Yfir límtrésbitum.

Á milli þakása og límtrésbita eru 500 mm breiðir renningar úr plastdúk og 460 mm breiðir borðar úr „Bitumene“ 100 og snýr límið niður. Gert er ráð fyrir að asfaltborðin og plastdúkurinn á milli bitanna gangi á misvixl og límist saman. Yfir samskeytunum eru plankar 50 x 100 mm og eru þeir negldir upp í þakásana.

C. Frágangur við veggj.

Rakavarnarlag á veggjum er asfaltpappi með álþynnu, límdur með heitu asfalti á veggj, en þeir eru úr steinsteypu. Samkvæmt uppdrætti á pappinn að ná upp undir þakklæðningu. Plastdúkur frá lofti á að ganga 100 mm niður á pappann og pressast að honum með plönkum, 50 x 100 mm, sem dregnir eru að veggnum með múrboltum. Í kverkinni, sem myndast á milli planku og pappa er sýndur kittistaumur.

Framangreind útfærsla hefur farið verulega úrskeiðis í framkvæmd.

Atriði A.

Í stað þess að láta burðargrindurnar á milli límtrésbitanna bera uppi plastdúkinn, þá hafði hann verið heftur allótæpilega upp í masonitið. Matsmenn tóku sýni af plastdúk og vindpappa og fengu Iðntæknistofnun Íslands til að mæla gufumótstöðu efnanna. Skýrsla stofnunarinnar fylgir matsgerðinni. Í ljós kom að gufumótstaða óskerts dúks er a.m.k. 400 Pam og tvöfalds dúks því a.m.k. 800 Pam. Til samanburðar má geta þess, að gufumótstaða einfalds pappa með álþynnu límdum með asfalti er 1400 Pam, en sú útfærsla var notuð á veggjum klefans. Gufumótstaða vindpappans var 3 - 4 Pam, sem er eðlilegt gildi. Iðntæknistofnun mældi einnig hvaða áhrif hefting hefði á Pam-gildi plastdúksins. Mælingin gefur vísbendingu um að það geti lækkað hættulega mikið við slíka meðhöndlun dúksins.

Atriði B.

Samskeytum rakavarnarlaga meðfram límtrésbitum var mjög ábótavant og var sums staðar opið inn á glerullina. Frágangur samskeytanna eins og hann er sýndur á uppdrætti 1.12 stenst tæpast. Planki sá, sem pressa á saman pappa og plastdúk getur ekki gegnt því hlutverki nema að takmörkuðu leyti, þar sem masonitið hlýtur að gefa eftir á milli þakásanna. Smiðirnir höfðu reynt að bæta úr þessu með því að stikknegla búta úr timbri á milli ásanna á samskeytum.

Atriði C.

Pappi á veggjum náði ekki upp undir þakklæðningu. Frágangur á samskeytum plastdúks og pappa var ekki eins og sýnt er á uppdrætti 1.12. Á þeim stöðum sem skoðað var voru samskeytin opin á köflum, þannig að sást í bera steypuna.

Orsakir skemmdanna.

Framangreind þrjú atriði ollu því hvert í sínu lagi og í ennþá ríkara mæli öll saman, að vatnsgufa úr útiloftinu átti greiða leið inn í einangrun þaksins. Þar hlaut hún að þéttast og frjósa. Ónákvæm vinnubrögð við framkvæmd verksins eiga aðalsökina á því hversu fljótt einangrunin skemmdist, en matsmenn álíta að þótt uppdráttum hefði verið fylgt í hvívetna, þá hefði einangrunin samt frosið, en það hefði tekið mun lengri tíma. Æskilegt hefði verið að nákvæm verklýsing hefði fylgt uppdráttum. Strangt eftirlit er nauðsynlegt með verkum sem þessum, en því var sleppt. Matsmenn ræddu mál þetta við verkfræðinga, sem mikla reynslu hafa í hönnun og frágangi frystiklefa. Þeir kváðust einungis nota pappa lagðan í heitt asfalt í rakavarnarlög og þyrfti mikla nákvæmni og árverkni við framkvæmd slíkra verka, ef vel ætti að fara.

Úrbætur. Þetta er ákveðið í samráði við höfunda og höfundurinn.

Íshúsfélag Ísfirðinga h/f hefir ákveðið að einangra þak klefans með polyuretahn samlokum frá Berki h/f. Þær kosta um 1.000.000,- kr. komnar til Ísafjarðar. Telja verður öruggt að ganga megi tryggilega frá klefaloftinu með þessum búnaði. Matsmenn leggja þó aðra útfærslu til grundvallar við útreikninga kostnaðar við nauðsynlegar úrbætur. Útfærslan er í stórum dráttum sem hér segir:

Rakavarnarlag.

1. Klætt á masonit í lofti með plötum úr aluzinki.
2. Límdir strimlar úr pappa með álþynnu yfir plötuskeyti og naglaraðir með heitu asfalti.
3. Pappastrimlar yfir límtrésbitum límdir á aluzinkplöturnar með heitu asfalti.
4. Aluzinkplötur tengdar við rakavarnarlag veggja með pappa með álþynnu, límdu með asfalti.

Einangrun o.fl.

Tvöfaldar 150 mm glerullar- og steinullarmottur festar upp á sama hátt og áður. Þar fyrir neðan vindpappi og álplötur á sama hátt og áður.

Kostnaður.

Stærð klefans innan veggja er sem næst 715 m².

Efniskostnaður 715 m² á 830/- 593.450,-

Vinna 715 m² " 850/- 607.750,-

Alls kr. 1.201.200,-

Gert er ráð fyrir að hægt sé að nota burðargrindur á milli límtrésbita aftur, með litilsháttar lagfæringu. Einnig álplötur. Í vinnulið er innifalið að taka niður og flytja burt blautu glerullina. Ennfremur múrbrot, lagfæring á einangrun beggja og múrhúðun þeirra vegna tengingar rakavarnarlaga, verkpallar, akstur, sem og öll önnur vinna sem til verksins þarf.

Matsmaðurinn Gunnar Hafsteinn Bjarnason verkfræðingur kom fyrir dóm í bæjarþingi Reykjavíkur og staðfesti matsgerð sína. Hann sagði greinilegt, að smiðirnir hefðu breytt út frá teikningu og bætt við stikknegldum plankabútum inn á milli límtrésbitanna til að bæta festingu á samskeytum asfaltsstrimils og plastdúks, vegna þess að masonitið hafi varla nagla-hald. Þessi viðbót tryggði betur límingu asfaltsborðanna við plastdúkinn.

Mætti sagði að sig minnti, að múrhúðunin hafi kannski á nokkrum stöðum náð upp undir þakklæðingu, en múrhúðunin hafi alls ekki náð alveg upp og sést hafi í beran steinvegginn.

Mætti sagði, að ef frost hefði ekki verið tekið af klefanum, þá hefði loftið hangið uppi nokkru lengur, en einangrunargildið hefði verið farið forgörðum.

Aðspurður um, hvort einangrunin hefði ekki frosið jafnt þótt uppdráttum væri fylgt í hvívetna, sagðist mætti ekki geta svarað því nákvæmlega, þarna væri um að ræða nýja útfærslu, sem ekki hefði sést áður, sem í teoríunni gæti gegnt hlutverki sínu, en í praxis teldi hann þetta afskaplega varasama aðferð til að verja einangrunina raka, loftið hefði kannski klárað sig í nokkur ár þó að allt hefði verið samkvæmt teikningum.

Mætti sagðist ekki þekkja líftíma þess plasts, sem notað var, eða þol-plasts, en um leið og það færi að bila, tæki það einangrunina örskamman tíma að fara. Honum væri ekki kunnugt um neinar nýjar rannsóknir á endingartíma, en vitað væri, að það hefði hrunið saman á 10 árum eða svo erlendis. Ekki væri forsvaranlegt að nota byggingarplast til þessara hluta, eins og þarna hafi verið gert, ekki vegna þess að plastdúkur geti ekki verið gott rakavarnarlag, heldur hins að hann teldi ákaflega erfitt að vinna það sem skyldi.

Mætti sagði, að æskilegt hefði verið að tiltaka, að ekki mætti negla í dúkinn. Í rakavarnarlögum í íbúðarhúsum væru það venjuleg vinnubrögð að hefta dúkinn upp, ýmist með loftverkfærum eða handverkfærum, og væru þá oft notaðir listar og venjulega eitthvert undirlag til að negla í en ekki bara upp í masonítið, eins og þarna hafi verið gert.

Mætti sagði, að við gerð rakavarnarlags í frystigeymslu við lágt hitastig, þar sem rakavarnarlagið sé mjög þýðingarmikið, sé mjög æskilegt, að nákvæm vinnulýsing sé gerð. Venjan væri sú að minnsta kosti erlendis að hafa strangt eftirlit með svona verkefnum.

Mætti taldi frágang á sjálfu þakinu vera mjög góðan og ekki þyrfti að gera neinar athugasemdir í sambandi við frágang á því.

Mætti taldi, að orsökkin fyrir því, hversu fljótt einangrunin skemmdist, væri fyrst og fremst óvönduð vinnubrögð við gerð rakavarnarlagsins, en burðargrindur og annað slíkt hefðu verið í fullkomnu lagi.

Mætti sagði, að stærstu gallarnir sem þeir hefðu séð, hefðu verið á mótum lofts og veggja. Þó að vel hefði tekist til með plastdúkinn í loftinu, hefði þessi opna leið í gegnum vegginn ofan við einangrunina verið nóg til að svona færi, að visu kannski ekki svona fljótt. Hvort nákvæm verklýsing hefði nægt til að afstýra mistökum væri ekki víst, en greinilegt væri að það sem fyrst og fremst hefði skort, hefði verið eftirlit. Teikning hefði í sjálfu sér verið góð verklýsing, ef hún hefði verið lesin.

Mætti sagðist telja, að sú útfærsla sem valin hefði verið, hefði ekki verið góð út frá faglegu sjónarmiði.

Mætti sagði, að þeir sem sáu um einangrun og rakavarnarlag veggjanna

hefðu átt að ganga betur til verks og einnig hinir, sem á eftir komu og áttu að tengja þau saman. Hann sagði það alveg greinilegt, að rakinn hafi verið mestur efst í veggnum á mótum lofts og veggja, þar hafi steinninn verið og rakinn hafi átt greiða leið í gegnum steinvegginn.

Þá kom fyrir dóm í bæjarþingi Reykjavíkur matsmaðurinn Bárður Daníelsson verkfræðingur, og staðfesti hann matsgerð sína.

Mætti staðfesti við skoðun á teikningu, að smiðirnir hefðu bætt við kubbum til að stíla af endana á masonitinu.

Mætti sagðist telja það tvímælalaust, að þeir, sem gengið hafi endanlega frá loftunum, hafi átt að sjá um frágang samskeyta við vegg, enda hafi það verið partur af frágangi rakavarnarlags í loftinu.

Mætti sagði, að erfitt væri að segja til um það, hvað loftið hefði hangið lengi uppi, ef frost hefði ekki verið tekið af klefanum, en óhætt væri að segja, að klefinn hefði verið orðinn mjög óhagkvæmur í rekstri, vegna þess að einangrunargildið hefði verið orðið nánast ekkert. Hann sagðist ekki geta slegið neinu föstu um endingartíma klefans, þó að vandað hefði verið fullkomlega til verksins.

Mætti sagði það alvanaleg vinnubrögð í byggingariðnaðinum að hefta dúk upp með heftibysum, jafnvel loftdrifnum, enda sé erfitt að hemja hann öðruvísi, en aftur á móti sé það greinilegt á uppdráttum, að höfundar ætlast ekki til þess, að hann sé hefur. Síndur sé búnaður til að halda dúknum uppi án þess að nota hefti. Hitt sé annað mál að mjög erfitt sé að framkvæma það á þann hátt og er ekki óeðlilegt að gripið hafi verið til þess ráðs að hefta dúkinn, sérstaklega þar sem engin aðvörun hafi verið um að gera það.

Mætti sagðist ekki vera í neinum vafa um að þak hússins væri mjög vandað og nánast útilokað, að nokkurt vatn hafi komist þar í gegn eða inn um loftræstitúður á því.

Mætti taldi þrjú atriði valda mestu um það hvernig fór við framkvæmd verksins. Í fyrsta lagi hafi verið í veigamiklum þáttum ekki verið framkvæmt samkvæmt uppdráttum og þar þýðingarmest, hversu illa hafi verið gengið frá samskeytum rakavarnarlaga á veggjum og í lofti. Í öðru lagi hafi samskeytin á strimlunum, sem lágu yfir limtrésbitunum og á þolplastið, víða verið opin. Í þriðja lagi hafi heftingin spillt þessu líka. Hann taldi, að ef fylgt hefði nákvæm verklýsing, hefði mátt koma í veg fyrir þetta að verulegu leyti, en strangt eftirlit hefði einnig verið nauðsynlegt, þótt 100% þétting hefði aldrei náðst.

Mætti sagðist telja, að sú útfærsla, sem valin hefði verið, væri röng. Til væru margar sjálfsagðari útfærslur en þessi, til dæmis sú sem við lögðum til í okkar mati, en hún var ekki notuð heldur önnur sem vel kom til greina.

Mætti sagði þá útfærslu, sem þeir hefðu mælt með og reiknað kostnað út frá, vera eitthvað dýrari en upphaflega útfærslan.

Mætti sagði það ekki vera sitt að segja til um það, hver bæri ábyrgð á hverju og í hvers verkahring hefði verið að hafa yfirstjórn og samræmingu milli verkþátta, en eðlilegt sé, að pappinn í rakavarnarlagi veggja komi fyrst og rakavarnarlagið í loftinu á eftir. Öll skynsemi mæli með því, að þeir, sem ganga frá rakavarnarlagi í loftum, sjái til þess, að þessi samskeyti séu í lagi.

Mætti taldi það ekki vera rétt, að alls staðar hafi verið múrað upp í kverkina. Sést hafi inn í steininn í gegnum samskeytin, þar sem skoðað var. Vel mætti þó vera, að einhvers staðar hafi verið múrað alveg upp, en það mætti alls ekki gera, því að það myndaði kuldabré.

Mætti taldi, að fræðilega séð mætti segja, að sú aðferð sem valin var af hönnuðum, hefði átt að duga, en faglega séð hefði það ekki verið í lagi, því að verkið hefði verið of flókið til að setja í hendurnar á venjulegum smiðum. Yfirleitt sé ekki sýnt á teikningum, að það skuli hefta. Sýndur sé búnaður á teikningum, sem halda eigi uppi dúknum, án þess að hann sé heftur, en það sé mjög erfitt að framkvæma það. Hann sagði, að framkvæma hefði mátt verkið eftir teikningum undir mjög ströngu eftirliti og með sérstaklega vönum fagmönnum, þannig að þetta hefði enst miklu lengur, kannsi í 20 til 30 ár.

Við upphaf aðalflutnings leitaði dómurinn sátta en þær tókust ekki. Þá var gengið á vettvang og frystiklefinn skoðaður.

Aðstæður eru þar nú með allt öðrum hætti en þegar skoðunargerð dómkvaddra matsmanna fór fram 29. október 1985, og verða því engar ályktanir dregnar eftir þessa skoðun.

Þá kom fyrir dóm framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhannes Guðni Jónsson. Hann sagði, að stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmundur Páll Kristjánsson hefðu byggt þennan hluta hússins, sem er frystiklefi, fiskmóttaka og flökunarsalur á efri hæð yfir móttöku. Hann sagði, að þeir hefðu verið meistaraðir við framkvæmd þessa og að hann sjálfur hefði ráðið þá til verksins. Mætti sagði, að fyrir milligöngu stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsson hf. hefðu Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson verið fengnir til að einangra vegg frystiklefans. Eftir að veggir höfðu verið einangraðir hefði hann ráðið Guðmund Helgason múrarmeistara og Elías Skaftason múrarmeistara til að múra vegg frystiklefans. Hann sagði, að þessir múrarmeistarar hefðu verið ráðnir sem sjálfstæðir verktakar. Þeim hafi ekki beint verið sagt til verka en gengið hafi verið út frá því, að þeir hefðu þekkingu til að inna þau af hendi. Mætti sagði, að enginn sérstakur aðili hefði séð um heildarstjórn og samræmingu hinna ýmsu verkþátta heldur hefðu einstakir verktakar haft samráð sín á milli um einstaka þætti verksins. Varðandi

heildarsýn verksins hafi verið leitað til stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. bæði af hálfu stefnanda og ýmissa verktaka. Hann sagði, að ekki hefði sérstaklega verið farið fram á eftirlit af hálfu V.S.T. en leitað hafi verið til þeirra í vafaatriðum. Mætti sagði, að vegna þeirra reikninga, sem hann hafi greitt V.S.T., hafi hann haft ástæðu til að ætla að um heildar- eftirlit af hálfu V.S.T. hafi verið að ræða. Af hálfu V.S.T. hafi hins vegar ekki verið vakin sérstök athygli á því, að nákvæms eftirlits væri þörf. Mætti sagði, að ekki hefði verið rétt sérstaklega um þetta eftirlit af hálfu V.S.T. en hann hefði talið, að þeir myndu annast það. Mætti kvaðst hafa séð, þegar einangrunin var rifin niður, að einangrun veggja og múrhúðin utan á henni náði upp að rakavarnarlagi í lofti andstætt því sem kemur fram á dómskjali nr. 6. Hann sagði að það hefðu verið þeir Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson, sem gengið hefðu frá einangrun á veggina en síðan hefðu múrara- meistararnir komið til og múrað utan á einangrunina alveg upp í loft. Mætti sagði, að þegar óskað var eftir dómkvaðningu matsmanna 1985 hefði ekki verið talin ástæða til að gera múrarameisturunum viðvart né þeim sem önnuðust einangrun veggjanna.

Mætti kvaðst ekki geta sagt til um það nákvæmlega, hver hafi verið kostnaður við þær endurbætur sem gerðar voru á frystiklefanum en það liggi þó fyrir í bókhaldi stefnanda. Þó sé ljóst að einangrunarefni klefans hafi kostað um eina milljón króna. Framleiðandi efnisins Börkur hf. hafi annast uppsetningu þess. Mætti sagði, að þegar hann hefði fengið múrara- meistarana til þess að múra utan á einangrun frystiklefans, hefðu þeir ekki fengið sérstakar teikningar til að vinna eftir. Hið sama megí segja um þá, sem einangruðu vegg klefans. Hann sagði, að stefndu Benedikt og Páll hafi annast lokafrágang einangrunar klefans.

Þá kom fyrir dóm stefndi Benedikt Tryggvi Sigurðsson byggingameistari. Hann kveðst vera húsgagnasmiðameistari jafnframt því að vera bygg- ingameistari og hafa starfað sjálfstætt sem slíkur frá 1978. Mætti kvaðst ekki hafa fengist áður við einangrun frystiklefa né hliðstæð verkefni. Varðandi samskipti við stefnanda sagði mætti, að þeir hefðu haft mest samband við Halldór Friðbjarnarson verkstjóra um það, hvenær átt hafi að framkvæma tiltekna verkþætti. Hann sagði, að þeir hefðu engin sam- skipti haft við þá aðila, sem lögðu einangrun á veggina. Þeir hefðu ekki heldur haft bein samskipti við múrarameistarana varðandi verktilhögun. Stefndandi hafi beðið þá að koma og ganga frá einangrun og klæðningu í loft, þegar múrarameistararnir höfðu lokið sínu verki.

Mætti taldi, að starfsmenn V.S.T. hefðu ekki komið fram sem stjórnend- ur verksins, en þeir hefðu komið öðru hverju og rétt við þá. Mætti kvaðst sjá það nú, að af hálfu V.S.T. hefði ekki verið um að ræða sérstakt eftirlit, eins og nú sé almennt haft með stærri framkvæmdum.

Nánar aðspurður um efnisval sagði mætti, að hann hefði gefið stefnanda upplýsingar um stærðir og magn en ekki tegundir eða gæði efnis. Hann hefði fylgst með því hvaða efni kom á staðinn og borið það saman við teikningu. Mætti sagði, að stefnandi hefði haft með höndum skipulagningu verksins og röðun einstakra verkþátta.

Mætti sagði, að stefndu hefðu séð, að múrhúðun á veggjum hefði ekki átt að fara eins langt upp og hún fór og því ekki verið í samræmi við teikningar. Hann sagði, að þeir hefðu ekki gert athugasemdir við þetta. Þeir hefðu talið, að réttilega hefði verið gengið frá samskeytum rakavarnarlaga og lofts, en þó hafi þeir ekki getað séð það þar sem múrhúðun og einangrun náðu alveg upp til lofts. Þeir hefðu talið, að þar sem þannig var gengið frá einangrun veggja, hefðu þeir aðilar, sem einangruðu veggina, gengið frá samskeytum rakavarnarlaganna, áður en kverkinni var lokað. Hann sagði, að það hefði ekki verið í þeirra verkahring að gera athugasemdir við verk annarra verktaka.

Mætti sagði, að þeir hefðu heft plastdúkinn upp í masonitið með handheftibyssu til þess að hemja hann, á meðan grindunum hefði verið komið upp. Þetta hefðu verið og væru enn almenn vinnubrögð við rakavarnarlög í byggingum. Hann kvaðst gera sér grein fyrir því í dag, að þetta geti ekki gengið við frágang rakavarnarlaga í frystiklefum. Mætti sagði, að á teikningunni hefði ekki komið fram, að ekki hefði mátt hefta, enda sýni teikningar slíkt aldrei.

Mætta var sýnd teikning á dómskjali nr. 6, sérmynd S 1. Hann kvaðst ekki vita, hver gert hefði þær breytingar, sem þar hafa verið rissaðar, verkið hefði verið framkvæmt samkvæmt þeim eftir ábendingum þeirra smiðanna, enda hefðu þeir ekki getað framkvæmt það, eins og upphafleg teikning gerði ráð fyrir. Mætti sagði, að þeir hefðu ekki gert athugasemdir við teikningarnar, þegar þeir hófu að vinna við frystiklefann, en þær hefðu ekki legið fyrir, þegar þeir tóku að sér að byggja húsið.

Mætti sagði, að þeir hefðu talið nauðsynlegt að stíkknegla timburbúta undir samskeytin til þess að ná upp klemmu á samskeytum við límtrésbita.

Mætti kvaðst ekki hafa verið meistari við þessar byggingarframkvæmdir, heldur hafi það verið Guðmundur Páll Kristjánsson. Hann sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að byggingafulltrúi bæjarins hafi tekið þetta verk út né heldur að byggingafulltrúi gerði yfirleitt úttekt á slíkum inniverkum.

Mætti sagði, að ekki hefði verið gerður neinn sérstakur verkсамningur milli þeirra smiðanna og stefnanda. Þeir hafi litið á sig sem sjálfstæða verktaka en þó lotið stjórn verkkaupa um framkvæmdahraða og verktilhögun.

Mætti sagði, að honum hefði ekki verið gert ljóst mikilvægi rakavarnarlags í frystiklefa af hálfu verkkaupa eða annarra.

Mætta voru að nýju sýndar teikningar á dómskjali nr. 6. Hann staðfesti,

að ekki hefði verið settur planki, sem ætlað var að klemma saman rakavarnarlög lofts og veggja. Hann sagði, að sér hafi fyrst orðið þetta ljóst, þegar skoðunargerð fór fram 1985.

Ásgeir Guðmundsson tæknifræðingur kom fyrir dóm. Hann kvaðst vera starfsmaður Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. á Ísafirði og jafnframt hluthafi í fyrirtækinu.

Mætti sagði, að teikningar af hinum umrædda frystiklefa hefðu verið gerðar á teiknistofu V.S.T. í Reykjavík. Á þessum tíma hefði hann verið í láni á vegum V.S.T. sem forstöðumaður tæknideildar Ísafjarðar frá 1979 til ársloka 1983. Hann hefði því ekkert komið nálægt einangrun í lofti frystiklefans og ekki vitað um, að verið væri að vinna að frágangi hans. Mætti kvaðst ekki vita til þess, að haft hefði verið samband við aðra starfsmenn V.S.T. á Ísafirði varðandi frágang í lofti frystiklefans. Mætti sagði, að þegar stefnandi hafi haft samband við V.S.T. á Ísafirði 1985, þegar í ljós hafi verið kominn galli í lofti frystiklefans, hafi engar teikningar fundist hjá þeim. Mætti sagði, að V.S.T. á Ísafirði fái yfirleitt teikningar af þeim verkum, sem unnin séu hér á vegum fyrirtækisins. Þar sem svo hafi ekki verið í þessu tilviki, teldi hann það benda til þess, að þessi framkvæmd hefði farið framhjá stofunni hér. Hann sagði að ef V.S.T. ætti að hafa sérstakt eftirlit með framkvæmd verka, væru gerðir um það sérstakir samningar og stofan hér hefði þá öll gögn í höndum. Mætti sagði, að miðað við reynslu af þessu tiltekna verki mætti segja, að nauðsynlegt hefði verið að hafa eftirlit með því. Hann taldi þó ofsagt, að þetta verk hefði verið flókið en þó hefði verið ákveðin lykiltríði varðandi rakasperrur, sem nauðsynlegt hefði verið að framfylgja. Mætti kvaðst telja eðlilegt, að verkkaupa væri bent á nauðsyn þess að hafa sérstakt eftirlit, þegar um vandasöm verk væri að ræða.

Guðmundur Páll Kristjánsson húsasmiðameistari kom fyrir dóm. Hann staðfesti efnisatriði í framburði meðstefnda Benedikts Sigurðssonar, að því er hann sjálfan varðaði. Hann kvaðst lítið hafa komið nálægt þessu tiltekna verki er hann hefði aðallega unnið við þakklæðingu. Hann kvaðst ekki minnst þess að hafa haft samband við starfsmenn V.S.T. eða þeir við sig varðandi einangrun í lofti frystiklefans. Hann kvaðst ekki hafa haft með slík verk að gera hvorki fyrir né eftir byggingu þessa frystiklefa.

Þá kom fyrir dóm Ólafur Erlingsson verkfræðingur. Hann kvaðst vera formaður stjórnar stefnda V.S.T. og jafnframt hluthafi í fyrirtækinu og deildarstjóri Vestfjarðaútibús með aðsetur í Reykjavík.

Mætta var sýnt dómskjál nr. 6. Hann sagði, að þessi teikning hefði verið hönnuð af starfsmanni Verkfræðistofunnar í Reykjavík, Sigurði Eyjólfsyoni, en hann hefði sem yfirmaður samþykkt hana. Hann sagði, að þessi teikning hefði verið send verkkaupa. Hann hefði talið en geti þó

ekki um það fullyrt, að hún hefði jafnframt verið send V.S.T. á Ísafirði.

Mætti sagði, að eftir að hin umrædda viðbygging hafi verið orðin fókheld, hefði hann lítið fylgst með framkvæmdum og hann hefði ekki vitað, hvenær vinna í frystiklefanum fór fram. Hann kveðst hafa leitað tilboða fyrir verkkaupa í frágang í efsta lagi þaks og rakavarnarlaga veggja ásamt veggeinangrun frystiklefans. Hann taldi líklegt, að þeir sem tóku að sér að einangra veggj klefans hefðu þá fengið teikningar af innra frágangi klefans, einkum teikningu á dómskjali nr. 6.

Mætti kveðst geta fullyrt, að stefndu Benedikt og Páll hefðu ekki haft samband við sig, á meðan á frágangi frystiklefans stóð. Hann kvaðst heldur ekki minnst þess, að framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhannes G. Jónsson, hefði rætt við sig um þau atriði. Hann sagði, að breytingar á teikningu á dómskjali nr. 6 væru ekki frá sér komnar eða starfsmönnum V.S.T.

Mætti kvaðst hafa talið, að forráðamenn stefnanda hefðu farið með stjórn verksins. Mætti taldi, að í þessari stjórnun hefði falist verkhraði, verktilhögun og hverjir hefðu unnið verkin, en um faglega þætti hefðu hinir einstöku verktakar séð.

Mætti minntist þess ekki, að verkkaupa hefði verið bent á, að nauðsynlegt hefði verið að hafa sérstakt eftirlit við þessa framkvæmd, en hann kvaðst hafa talið, að Halldór Friðbjarnarson verkstjóri hefði verið samræmingaraðili milli einstakra iðnaðarmanna. Hann kvaðst ekki þekkja til Halldórs en hann hefði talið, að hann væri byggingarfróður, þar sem honum hefði verið falið þetta verkefni.

Mætti kvaðst ekki vera sammála matsmönnum um það, að einangrun frystiklefans hefði verið flókið verk. Teikningar hefðu verið skýrar og auðvelt hefði verið að vinna eftir þeim. Mætti kvaðst ekki hafa talið þörf á að láta fylgja frekari verklýsingu en fram kemur á þeim sjálfum. Mætti sagði, að samkvæmt teikningu hefði ekki verið ætlast til þess, að plastdúkurinn yrði heftur upp. Iðnaðarmönnum hefði mátt vera það ljóst, að hér hefði ekki verið um venjulegt verk að ræða, sambærilegt við byggingu íbúðarhúss. Það hefði alls ekki mátt hefta dúkinn nema líma yfir með bandi sem lokaði gati.

Mætti sagði, að það færi í vöxt að hafa skriflega samninga um hönnun bygginga af þessu tagi. Það væri þó ekki algengt og í þessu tilviki hefði ekki verið gerður skriflegur samningur. Hann sagði, að það væri ekki rétt að V.S.T. hefði haft með höndum alla verkfræðilega hönnun byggingarinnar, heldur einungis hönnun burðarvirkja, vatnslagna og loftræstikerfa. Varðandi útvegum manna til að sjá um einangrun á veggjum frystiklefans hefði V.S.T. leitað tilboða hjá ákveðnum aðilum, tveimur eða þremur, og fengið skrifleg tilboð frá þeim með verklýsingu. Hann kvaðst ekki muna,

hvort V.S.T. hefði gert drög að samningi við þann aðila, sem valinn var, en verkkaupi hefði þá gengið frá þeim samningi.

Loks kom fyrir dóm Halldór Friðbjarnarson, verkstjóri hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. Hann kvaðst ekki hafa tekið þátt í byggingu viðbyggingar við frystihús stefnanda að öðru leyti en því, að hann hefði annast aðdrætti á efni að beiðni forstjóra, smíða eða annarra verktaka. Hann hefði ekki haft með höndum samræmingu einstakra verkþátta. Þegar þurft hefði að kalla einstaka verktaka til starfa, hefði það annast forstjóri fyrirtækisins. Hann kvaðst ekkert hafa haft með mannaáðningar að gera við þessar framkvæmdir eða aðrar byggingarframkvæmdir fyrirtækisins. Hann kvaðst stundum hafa kallað á Ásgeir Guðmundsson að beiðni einstakra verktaka en hann minntist þess ekki, að það hefði sérstaklega verið gert vegna einangrunar frystiklefans. Hann kvaðst ekki hafa sérstaklega fylgst með verki múrarmeistaranna eða þeirra, sem sáu um einangrun veggja frystiklefans, og man ekki, hvort þeir höfðu teikningar með höndum.

Mætti kvaðst ekki minnst þess, hvernig hinum ýmsu verkþáttum hefði verið skipt í sambandi við einangrun frystiklefans og ekkert hafa lagt á ráðin um það.

Mætti kvaðst hafa verið viðstaddur skoðun matsmanna 1985 og flett múr og ytri plastplötu af veggjum að beiðni matsmanna. Hann sagði, að innra byrði frauðplastsins hefði ekki náð alveg upp í masonitið og hefði þar munað ca. 2 - 3 cm. Hins vegar hefði ytra byrði plastsins og múrhuðun náð alveg upp að masonitinu. Hann sagði, að plast í lofti hefði legið þannig, að það hefði endað í vöðlingi í kverkinni ofan á innra byrði plast-einangrunarinnar og þar hefði einnig verið einangrunarull. Hann kvaðst ekki minnst þess hverjir hafi komið einangrunarullinni þarna fyrir.

— — —

Niðurstaða.

Fram er komið, að stefndi Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. hafi leitað tilboða fyrir stefnanda í einangrun veggja hins umdeilda frystiklefa og fengið skriflegt tilboð ásamt verklýsingu frá þeim, er fengnir voru til verksins, Guðjóni Helgasyni og Karli Sigurðssyni. Engin gögn hafa verið lögð fram um þetta, sem er þó þeim mun brýnna, þar sem ljóst er, að teikningum stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. hefur ekki verið fylgt í hlvitna við frágang einangrunar.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir og rekið, skortir enn nokkuð á, að nægjanlega sé skýrt, hvernig háttað hafi verið frágangi verka og ábyrgð þeirra verktaka og ef til vill annarra aðila, er að framkvæmdum unnu. Þetta á einkum við um þátt þeirra manna, er einangruðu veggja frystiklefans, og raunar einnig þeirra múrarmeistara, sem önnuðust múrverk

veggjanna. Enginn þessara aðila hefur verið kvaddur fyrir dóm til þess að gefa skýrslu né hefur þeim með nokkrum hætti verið gefinn kostur á að gæta réttar síns í málinu. Það má þó vera ljóst, bæði af matsgerð dómkvaddra matsmanna og öðrum gögnum málsins, þ. á m. framburðum bæði aðila og vitna, að eina meginorsök hinna umræddu skemmda í frystiklefanum er að finna í ófullnægjandi frágangi einangrunarefna á mótum lofts og veggja, sem þessir aðilar virðast með einhverjum hætti hafa átt hlut að ásamt stefndu Benedikt Sigurðssyni og Guðmundi Páli Kristjánssyni. Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður þó ekki sagt til um það með nægjanlegri vissu, hver verið hafi þáttur og ábyrgð hvers og eins þeirra í þessum framkvæmdum og hvernig þeir hafi staðið að verki. Þetta er þeim mun örðugra, þar sem heildarstjórn allra framkvæmda hefur verið brota-kennd og samræming hinna ýmsu verkþátta næsta ómarkviss.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að rekstur máls þessa brjóti svo mjög í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran mála-tilbúnað og fullnægjandi reifun máls, m.a. að því er varðar hugsanlega sakaraðild annarra en stefndu, að því beri að vísa frá dómi ex officio.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000,- fyrir hvorn stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmund Pál Kristjánsson og kr. 120.000,- fyrir stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Dóm þennan kváðu upp Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Kristján Haraldsson verkfræðingur og Óskar Eggertsson raf-virkjameistari.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Íshúsfélag Ísfirðinga hf., greiði stefndu Benedikt Sigurðssyni og Guðmundi Páli Kristjánssyni hvorum um sig málskostnað að fjárhæð kr. 60.000,- og stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. kr. 120.000,-, samtals kr. 240.000,-, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.